

D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, skal sæta fangelsi í 4 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 50 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærði greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá britingu dóms þessa, komi fangelsi í 55 daga í sektar stað.

Upptæk til eyðingar skulu 16 grömm af hassolíu, veginni með umbúðum, merkt efnaskrá nr. 573. Þá skal og upptækur til eyðingar óveginna hassmoli, 1.3 grömm af amfetamíni og 0.4 grömm af amfetamíni, allt merkt efnaskrá nr. 578.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 2.500.00 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Þriðjudaginn 29. nóvember 1983.

Nr. 48/1983. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Eggert Bjarna Arnórssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almennra hegningarlaga. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1983. Er málinu áfrýjað að ósk ákærða, en af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað refsingu til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 11. október 1983.

Af hendi ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um sakfellingu skv. einstökum ákæruliðum svo og að því er varðar upptöku eigna og sakarkostnað. Krafist er þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds í málinu, en til vara sýknu af kröfum ákæruvalds skv. I. — XI. lið ákæru. Þá er krafist sýknu af eignarupptöku að því er tekur til 887.518 gkr.

Fallist er á sakarmat hins áfrýjaða dóms með vísan til forsendna hans.

Brot ákærða eru réttilega færð til refsíákvæða í héraðsdómi að því undanteknu, að telja verður ákærða bera refsíabyrgð aðalmanns á broti skv. XIV. lið ákæru, og á því eigi að refsa honum fyrir það brot með vísan til 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber að vísa til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga auk þeirra ákvæða, er greinir í héraðsdómi. Þykir refsivist ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en fésekt verði 20.000.00 krónur, sbr. 49. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. og 5. gr., en síðastgreinda ákvæðið var í gildi, er ákærði framdi brot sín. Fésekt renni í ríkissjóð og verði vararefsing hennar 20 daga fangelsi, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku eigna og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákvörðun héraðsdóms um refsivist ákærða, Eggerts Bjarna Arnórssonar, á að vera óröskuð. Ákærði sæti enn fremur 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarn-

arlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. desember 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 15. desember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr., 916/1982: Ákærvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni.

Málið var höfðað á hendur Eggert Bjarna Arnórssyni með ákæru, dags. 5. mars 1982:

„Fyrir að hafa á tímabilinu frá apríl 1979 til janúar 1980 margsinnis staðið að innflutningi hassefna hingað til lands og dreifingu þeirra til margra manna hérlendis í ávinningsskyni, m. a. til Sumarliða Óskars Arnórssonar, Kristmundar Olafs Guðmundssonar, Ragnheiðar Valgarðsdóttur, Agnars Agnarssonar, Valdemars Halls Sigbórssonar, Kolbeins Inga Gíslasonar, Hrafns Inga Brynjólfssonar og John Joseph Cramer:

I.

Í apríl 1979 keypt 100 gr af hassi í Kaupmannahöfn, flutt það hingað til lands og selt hérlendis.

II.

Þann 21. maí 1979 flutt 100 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt það hérlendis.

III.

Þann 10. júní 1979 flutt 110 gr af efninu til landsins frá Kaupmannahöfn og selt það hér.

IV.

Í júlí 1979 flutt 500 gr af efninu frá Kaupmannahöfn og haft það í vörslum sínum um ótiltekið skeið í Reykjavík.

V.

Þann 16. ágúst 1979 flutt 300 gr af hassi til landsins frá Kaupmannahöfn og selt það hér á um gkr. 10.000 hvert gramm, en efnið keypti ákærði á um 30 kr. danskar hvert gramm.

VI.

Lagt á ráðin um för bróður síns, Sumarliða Óskars Arnórssonar, til hasskaupa í Kaupmannahöfn dagana 11. — 12. september 1979 og í þessu sambandi lagt honum til gkr. 1.200.000. Eftir heimkomu Sumarliða Óskars mótttekið 270 gr af hassi og selt megnið af því, að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars.

VII.

Þann 28. október 1979 flutt um 900 gr af hassi frá Kaupmannahöfn og selt efnið hérlandis að nokkru með aðstoð nefnds Sumarliða Óskars og Kristmundar Ólafs Guðmundssonar.

VIII.

Lagt Sumarliða Óskari til fé til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn dagana 27. — 30. nóvember 1979, fengið í sinn hlut 90 gr af efninu eftir heimkomu hans og selt það hér á landi.

IX.

Lagt Sumarliða Óskari til fé til efniskaupa í Kaupmannahöfn 4. — 7. desember 1979, fengið í sinn hlut allt að 300 gr af hassi eftir heimkomu Sumarliða Óskars og selt þann skammt hér að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars.

X.

Enn lagt fé til farar Sumarliða Óskars til efniskaupa í Kaupmannahöfn 16. — 20. desember 1979, fengið í sinn hlut allt að 410 gr eða a. m. k. 260 gr af hassi og selt það hér.

XI.

29. desember 1979 flutt um 200 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt meginhluta þess á gkr. 10. — 15.000 hvert gramm, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars.

XII.

Snemma í janúar 1980 lagt fé til kaupa Ragnheiðar Valgarðsdóttur og Ingeborgar Mogensen á hassi á Spáni og mótttekið allt að 500 gr af efninu eftir heimkomu þeirra 19. s. m. og nokkru síðar afhent þeim samtals um 140 gr af efninu. Selt nokkrum nafngreindum mönnum samtals um 95 gr og haft eftirstöðvarnar í vörslum sínum að Grettisgötu 79 í Reykjavík við handtöku 22. s. m., en þann hluta efnisins seldi nefnd Ragnheiður, á meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi um þetta leyti.

XIII.

Lagt nefndum Sumarliða Óskari til gkr. 1.250.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn 9. — 12. janúar 1980 og fengið í sinn hlut um 400 gr af efninu eftir heimkomu Sumarliða, en lögreglan lagði hald á um 247 gr af því 24. s. m. að Meistaravöllum 29 í Reykjavík.

XIV.

Um 20. janúar 1980 enn lagt gkr. 1.250.000 til hasskaupa Sumarliða Óskars í Kaupmannahöfn, og keypti hann í þetta sinn um 500 gr af efninu, sem að verulegu leyti taldist eign ákærða, en Sumarliði Óskar var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 24. s. m. og hald lagt á hassið.“

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Þess er krafist af hálfu ákærvaldsins, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 69. gr. hegningarlaganna á um 600 gr af hassi, sem lagt var hald á 24. janúar 1980 að heimili ákærða, og á gkr. 887.518, sem ákærði aflaði með sölu hassefna og lagt var hald á 17. mars 1980.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, er fæddur 13. september 1954 í Reykjavík, og hefur sætt eftirfarandi kærnum og refsingum, sbr. sakavottorð, dags. 22. nóvember 1982:

1980 1/10 sakad. í ávana- og fíkniefnamálum: Dómur: 8. mán. fangelsi og 1.000.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

1982 25/10 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: Ofangreindur dómur frá 1/10 1980 staðfestur.

Ákæruskjal var birt ákærða 19. mars 1982. Málið var þingfest 6. apríl 1982. Við þingfestinguna krafðist ákærði þess, að dómari viki sæti í málinu. Synjaði dómari þeirri kröfu ákærða með úrskurði, uppkveðinn 29. september 1982. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar Íslands og vísað þar frá dómi 15. október 1982.

Munnlegur flutningur málsins fór fram 24. nóvember sl. og málið dómtekið sama dag.

Við flutning málsins ítrekaði fulltrúi ákærvaldsins dómkröfur, er gerðar eru í ákæruskjali, og krafðist auk þess málssóknarlauna ríkissjóði til handa.

Verjandi ákærða gerði eftirfarandi dómkröfur:

Að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins samkvæmt ákæru-

liðum I — XI, en hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir önnur meint brot.

Að kröfu um upptöku á gkr. 887.518 verði synjað.

Að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi að fullu til frádráttar dæmdri refsivist, ef dæmd verður, og auk þess er gerð krafa um hæfileg málsvarnarlaun.

MÁLSATVIK.

Ákæruliður I.

„Í apríl 1979 keypt 100 gr af hassi í Kaupmannahöfn, flutt það hingað til lands og selt hérlandis.“

Ákærði var yfirheyrdur hjá lögreglu 24. janúar 1980 og kvað sig hafa farið allmargar ferðir til Kaupmannahafnar á árinu 1979, og var erindið kaup á fíkniefnum.

Ákærði kvað hina fyrstu ferð hafa verið í apríl 1979. Ákærði kvaðst hafa keypt 100 grömm af Marokkóhassi í Kaupmannahöfn og hafa flutt efnið hingað til lands, falið í skósóla sínum. Ákærði kvaðst ekki geta gert grein fyrir kaupverði efnisins, en kvað sig hafa selt efnið ónafngreindum aðiljum hér í borg á gkr. 8.000 hvert gramm.

Ákærði var yfirheyrdur fyrir dómi 27. febrúar 1980. Þá lýsti ákærði m. a. aðdraganda ofangreindrar meintrar Kaupmannahafnarfarar. Kvað ákærði bróður sinn, Arnór Vikar Arnórsson, hafa lánað sér 400.000 gkr., sem ákærði hélt síðan með til Kaupmannahafnar í apríl 1979. Ákærði kvaðst hafa keypt í Kristianíu af sér ókunnum aðilja 100 grömm af Marokkóhassi. Þá lýsti ákærði því, hvernig hann holaði innan hæla á skóm sínum og flutti efnið í holrúmi í hælunum hingað til lands.

Ákærði kvaðst hafa selt efnið ýmsum aðiljum, en ekki geta nafngreint, þar sem erfitt væri að átta sig á, hvað hver og einn kaupandi fékk úr hverri ferð.

Arnór Vikar Arnórsson bar við dómsyfirheyrslu 19. febrúar 1980 að hafa lánað ákærða gkr. 480.000 um páskaleytið 1979.

Ákærði var yfirheyrdur hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 um ofangreinda meinta háttsemi. Kvaðst ákærði ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður II.

„Þann 21. maí 1979 flutt 100 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt það hérlandis.“

Ákærði lýsti við lögregluyfirheyrslu 24. janúar 1980 háttsemi þeirri, er honum er hér gefin að sök. Kvaðst ákærði hafa hagað kaupunum og heimflutningi efnanna á sama veg og varðandi efni í ákærulið I. Ákærði kvaðst

hafa keypt 100 grömm af annað hvort Afgan- eða Pakistanhassi og selt hér á landi ónafngreindum aðiljum á gkr. 10.000 hvert gramm.

Ákærði var yfirheyður hér fyrir dómi 27. febrúar 1980 og lýsti þá ofangreindri meintri ferð til Kaupmannahafnar á sama veg og hjá lögreglu. Ákærði staðfesti, að flugfarseðlar á nafni ákærða sýndu nákvæmlega, hvenær ferðin var farin, þ. e. frá 17. maí 1979 til 21. s. m., er ákærði kom hingað til lands með 100 grömm af hassi á þann hátt, er að framan var rakið, og dreift til ónafngreindra aðilja.

Er ákærði var yfirheyður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 kvaðst ákærði ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður III.

„Þann 10. júní 1979 flutt 110 gr af efninu til landsins frá Kaupmannahöfn og selt það hér.“

Ákærði lýsti ofangreindri ferð við lögregluyfirheyrslu 24. janúar 1980. Kvaðst ákærði hafa haldið til Kaupmannahafnar í júní 1979 og keypt þar 110 grömm af Marokkóhassi og flutt efnið hingað til lands á sama hátt og áður, þ. e. í holrúmi í skóhælum. Efnið kvaðst ákærði hafa selt ónafngreindum aðiljum hér í borg á 8 — 10.000 gkr. hvert gramm.

Ákærði bar efnislega á sama veg fyrir dómi 27. febrúar 1980 um ofangreinda meinta ferð.

Ákærði staðfesti, að flugfarmiði á nafni ákærða gæfi til kynna, hvenær farið var í ferð þessa, þ. e. frá 8. júní 1979 til 10. s. m., er ákærði kom hingað til lands með 110 grömm af Marokkóhassi, svo sem lýst hefur verið.

Ákærði vék að ofangreindri meintri ferð fyrir dómi 5. mars 1980. Ákærði kvað þá efnismagn hafa verið mun meira en kært er út af hér. Kvað ákærði Guðmund Sesar Magnússon hafa verið með í ferðinni.

Guðmundur Sesar hefur hjá lögreglu 4. febrúar 1980 neitað þáttöku í þessari ferð.

Ákærði var yfirheyður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvaðst þá vera saklaus af háttsemi þeirri, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður IV.

„Í júlí 1979 flutt 500 gr af efninu frá Kaupmannahöfn og haft það í vörslum sínum um ótiltekið skeið í Reykjavík.“

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi hjá lögreglu 24. janúar 1980. Kvað ákærði sig í þessari ferð hafa keypt 75 grömm af hassi og hafi verið staðið eins að heimflutningi og dreifingu efnis, svo sem rakið hefur verið varðandi ákæruliði I — III.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi hér fyrir dómi 5. mars 1980. Ákærði kvaðst hafa haldið til Kaupmannahafnar í júlí 1980 og með sér í ferðinni hafi verið Guðmundur Sesar Magnússon. Ákærði kvaðst hafa haft gkr. 900.000 til ráðstöfunar, og kvaðst ákærði hafa keypt með milli-göngu Jóns Matthíassonar 500 grömm af Marokkóhassi, og kostaði hvert gramm efnis 25 danskar krónur. Ákærði kvað Guðmund Sesar hafa haft til ráðstöfunar gkr. 700.000, þar af kvaðst ákærði hafa lánað honum 350.000 gkr. og hafi verið keypt 125 grömm af Afganistanhassi fyrir það fé, og kostaði hvert gramm efnis 30 danskar krónur. Ákærði kvað efnið hafa verið flutt hingað til lands, falið innan í skóhæl.

Ákærði lýsti skiptingu efna milli sín og Guðmundar Sesars, og kvaðst ákærði hafa fengið í sinn hlut alls 500 grömm af báðum efnistegundum, en Guðmundur Sesar 125 grömm.

Guðmundur Sesar Magnússonar var yfirheyrdur hjá lögreglu 4. febrúar 1980, og lýsti hann þá ferð sinni til Kaupmannahafnar með ákærða í júlí 1979. Guðmundur kvað ákærða hafa lánað sér fé til fararinnar. Guðmundur Sesar kvaðst vita, að ákærði hafi farið í ferð þessa í þeim tilgangi að kaupa fíkniefni, en kvaðst ekki vita, hversu mikið ákærði keypti, og ekki vita um efnistegund eða flutningsleið hingað til lands, en halda, að ákærði hafi flutt efnið flugleiðis til Íslands.

Ákærði var yfirheyrdur hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, og kvað ákærði ofangreindan ákærulið rangan og kvað sig ekki hafa gerst sekan um háttsemi þá, er ákært er út af.

Ákæruliður V.

„Þann 16. ágúst 1979 flutt 300 gr af hassi til landsins frá Kaupmannahöfn og selt það hér á um gkr. 10.000 hvert gramm, en efnið keypti ákærði á um 30 kr. danskar hvert gramm.“

Ákærði bar fyrst um ofangreinda meinta háttsemi hjá lögreglu 24. janúar 1980 og lýsti þá kaupum á 100 grömmum af Marokkóhassi.

Ákærði bar hér fyrir dómi 4. mars 1980 um ofangreinda meinta háttsemi. Ákærði staðfesti, að flugfarðeseðlar, keyptir 13. ágúst 1979, sýndu, hvenær farið var í ferð þessa. Ákærði kvað Ragnheiði Valgarðsdóttur hafa haldið með sér í ferðina, en hún hafi ekkert vitað um fíkniefnameðhöndlun sína.

Ákærði kvaðst hafa keypt 300 grömm af Marokkóhassi í Kristíaníu á 30 danskar krónur hvert gramm. Ákærði kvaðst hafa falið 130 grömm af efninu innanklæða, en 170 grömm í skósólum og hafi efnið þannig verið flutt hingað til lands. Ákærði kvaðst hafa selt efni þetta að jafnaði á 10.000 gkr. hvert gramm, en ekki geta sérgreint kaupendur úr þessari ferð fremur en úr fyrri ferðum.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og kannaðist þá ekki við háttsemi þá, er honum er hér gefin að sök.

Ákæruliður VI.

„Lagt á ráðin um för bróður síns, Sumarliða Óskars Arnórssonar, til hasskaupa í Kaupmannahöfn dagana 11.—12. september 1979 og í þessu sambandi lagt honum til gkr. 1.200.000. Eftir heimkomu Sumarliða Óskars mótttekið 270 gr. af hassi og selt megnið af því, að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars.“

Sumarliði Óskar Arnórsson bar um ferð þessa við lögreglufirheyrslu 5. febrúar 1980. Kvað Sumarliði bróður sinn, ákærða í máli þessu, hafa staðið að ferð þessari og lagt fé til fararinnar, er hafi átt að nægja til kaupa á 370 grömmum af hassi. Sumarliði kvaðst síðan hafa keypt hass í Kaupmannahöfn með aðstoð Jóns Matthíassonar. Síðar kom í ljós, að efnið vó 270 grömm, og kvað Sumarliði sig hafa verið svikinn um 100 grömm. Efnið kvaðst Sumarliði hafa flutt hingað til lands í þar til gerðum skóm með holum sóla. Eftir heimkomu kvaðst Sumarliði hafa afhent ákærða efnið, og fékk Sumarliði 25 grömm í sinn hlut sem þóknun. Sumarliði kvað sig hafa aðstoðað við sölu efna frá ákærða og greitt honum gkr. 10.000 fyrir hvert selt gramm.

Sumarliði var yfirheyrður fyrir dómi 1. mars 1980. Þá staðfesti Sumarliði, að flugfarseðlar með brottfarardag til Kaupmannahafnar 11. september 1979 og komu hingað til lands 12. s. m. væru farseðlar varðandi ferð þá, er hér um ræðir.

Framburður Sumarliða við ofangreinda dómsyfirheyrslu var efnislega á sama veg og framburður hjá lögreglu, er rakinn var hér að framan. Kvað Sumarliði sig hafa selt talsvert af efninu fyrir ákærða og skilað honum gkr. 10.000 fyrir hvert gramm, en það seldi Sumarliði á gkr. 15.000 að jafnaði, enda efnið að sögn Sumarliða gott og sala gengið vel.

Ákærði greindi frá för Sumarliða, er hér um ræðir, fyrir dómi 4. mars 1980. Ákærði kvaðst hafa staðið að utanför þessari með því að leggja Sumarliða til gkr. 1.200.000 til fararinnar. Kvað ákærði sig hafa afhent Sumarliða eftir heimkomu hans 25 grömm af hassi sem þóknun. Ákærði kvað geta verið, að hann hafi fengið meira efni en 200 grömm. Ákærði kvað sig hins vegar ekki hafa mótttekið 270 grömm af hassi úr þessari ferð, svo sem Sumarliði bar um.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982. Kvaðst ákærði þá undir rannsókn málsins hafa búið til játningu efnislega á þá leið, sem í þessum ákærulið greinir.

Ákæruliður VII.

„Þann 28. október 1979 flutt um 900 gr af hassi frá Kaupmannahöfn

og selt efnið hérlandis að nokkru með aðstoð nefnds Sumarliða Óskars og Kristmundar Ólafs Guðmundssonar.“

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 24. janúar 1980 og lýsti þá ofangreindri meintri ferð. Ákærði kvaðst hafa haldið utan í október 1979 og hafa keypt í Kaupmannahöfn 8—900 grömm af hassi. Ákærði kvað sig hafa verið svikinn í þetta sinn og hafi efnið verið falsefni. Ákærði kvaðst hafa flutt efnið hingað til lands, falið í skóm og í ferðatösku. Ákærði kvaðst hafa selt 2—300 grömm af efninu hér á landi á gkr. 4.000 hvert gramm.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi við dómshöfnir 4. mars 1980. Ákærði staðfesti þá, að flugfarseðlar á nafni hans, sem sýna brottför frá Íslandi 24. október 1979 og heimkomu 28. s. m., sýndu, hvenær ferðin var farin.

Ákærði kvað sig hafa keypt í Kristianíu 800—900 grömm af svörtu Pakistanhassi, líklega nær 900 grömmum, sem að sögn ákærða reyndist sviðið efni. Ákærði kvaðst hafa greitt 15 danskar krónur fyrir hvert gramm efnis.

Ákærði kvaðst síðan hafa komist að raun um, að innan um voru sæmi-legir efnismolar, og því flutt efnið með sér hingað til lands og reynt að selja með aðstoð Sumarliða Óskars og Kristmundar Ó. Guðmundssonar.

Kristmundur Ó. Guðmundsson bar hjá lögreglu 22. febrúar 1980 að hafa m. a. móttengið til sölu frá ákærða 200 grömm af efni, er kallað var ónýtt.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvaðst ekki kannast við háttsemi þá, er honum er hér gefin að sök.

Ákæruliður VIII.

„Lagt Sumarliða Óskari til fé til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn dagana 27.—30. nóvember 1979, fengið í sinn hlut 90 gr af efninu eftir heimkomu hans og selt það hér á landi.“

Sumarliði Óskar lýsti för þeirri, er í þessum ákærulið greinir, við lög-regluyfirheyrslu 5. febrúar 1980.

Sumarliði var síðan yfirheyrður fyrir dómi 1. mars 1980. Kvað Sumarliði þá ákærða hafa lagt gkr. 300.000 til farar þessarar og þá hafi Valur H. Hraunfjörð lagt til fararinnar 150.000—200.000 gkr. Sumarliði kvað flugfarseðil á nafni sínu með brottför 27. nóvember 1979 og heimkomu 30. s. m. sýna, hvenær ferð þessi var farin. Kvað Sumarliði Jón Matthíasson hafa keypt fyrir sig hass í Kristianíu fyrir danskar kr. 6.000. Sumarliði kvað framburð sinn hjá lögreglu 5. febrúar 1980, þar sem hann kvaðst hafa flutt hingað til lands 350 grömm af hassi, vera rangan, og kvaðst Sumarliði hafa flutt 240 grömm af hassi hingað til lands úr för þessari. Þar af hafi ákærði fengið í sinn hlut 80 grömm og Valur H. Hraunfjörð 50 eða 60 grömm.

Sjálfur kvaðst Sumarliði hafa fengið um 100 grömm af efninu og þar af hafa neytt nokkurs hluta sjálfur, en einnig selt af verulegan hluta.

Ákærði lýsti þessari meintu för fyrir dómi 4. mars 1980 og síðar 5. s. m. Í þessum tveimur dómshyggjum kvað ákærði sig hafa lagt Sumarliða til fararinnar gkr. 450.000 auk jafnvirðis u. þ. b. 100.000 gkr. íslenskra í dönskum krónum og bandarískum dollurum. Ekki kvaðst ákærði vita um magn fíkniefna, er Sumarliði flutti með sér úr ferð þessari, en kvað sig hafa fengið 90 grömm af efninu.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvað ofangreinda meinta háttsemi ekki eiga við rök að styðjast.

Ákæruliður IX.

„Lagt Sumarliða Óskari til fé til efniskaupa í Kaupmannahöfn 4.—7. desember 1979, fengið í sinn hlut allt að 300 gr af hassi eftir heimkomu Sumarliða Óskars og selt þann skammt hér að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars.“

Sumarliði Óskar lýsti þessari meintu för við lögregluhyggju 5. febrúar 1980.

Sumarliði bar efnislega á sama veg fyrir dómi 2. mars 1980. Kvað Sumarliði sig hafa fengið flugmiða til Kaupmannahafnar 4. desember 1979 með heimkomu 7. s. m. gegn því að samþykkja víxil hjá Ferðamiðstöðinni h/f. Þá kvað Sumarliði ákærða hafa lagt til fararinnar 1.000.000 gkr. Fénu skipti Sumarliði í Danmörku og fékk um 11.000 danskar krónur fyrir, þar af um 9.500 danskar krónur til kaupa á fíkniefnum. Kvað Sumarliði sig hafa haldið til fundar við Jón Matthíasson, búsettan í Kaupmannahöfn. Hafði Jón ásamt Sigurði Þór Sigurðssyni, þá strokufanga, keypt um 400 grömm af grænu Marokkóhassi í Kristianíu.

Sumarliði kvaðst hafa flutt efnið, falið innanklæða, hingað til lands, og kvað Sumarliði hlut sinn af efninu hafa orðið 85 eða 90 grömm, en afganginn fékk ákærði.

Sumarliði kvaðst, auk þess að hafa notað og selt af sínum hluta, hafa aðstoðað ákærða við sölu fíkniefnanna.

Ákærði greindi frá framlagi sínu til þessarar farar Sumarliða fyrir dómi 5. mars 1980. Ákærði kvað flugfarseðil með brottför 4. desember 1979 og heimkomu 7. s. m. sýna, hvenær ferð þessi var farin.

Kvað ákærði sig hafa lagt Sumarliða til 600.000 gkr. og eftir heimkomu Sumarliða fengið 160 grömm af grænu Marokkóhassi. Kvað ákærði sig ekki hafa móttengið meira magn frá Sumarliða.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982. Kvað ákærði þennan ákærulið vera rangan og neitaði að svara spurningum dómara um, hvort meint háttsemi, er um getur í þessum lið, hafi í raun og veru átt sér stað.

Ákæruliður X.

„Enn lagt fé til farar Sumarliða Óskars til efniskaupa í Kaupmannahöfn 16.—20. desember 1979, fengið í sinn hlut allt að 410 gr eða a. m. k. 260 gr af hassi og selt það hér.“

Sumarliði lýsti þessari meintu för sinni í lögregluýfirheyrslu 5. febrúar 1980. Kvað Sumarliði sig hafa keypt 500 grömm af hassi í Kaupmannahöfn skömmu fyrir áramótin 1979—1980. Sem fyrr kvað Sumarliði Jón Matthíasson hafa aðstoðað sig, og kostaði efnið 11.000 danskar krónur.

Sumarliði bar efnislega á sama veg og að ofan er rakið fyrir dómi 2. mars 1980. Kvað Sumarliði hlut sinn hafa verið 90 grömm úr för þessari, en ákærði hafi fengið 410 grömm, og lagði ákærði til fararinnar 1.000.000 gkr. auk þess að greiða fargjald Sumarliða, en ferðin var farin 16. desember 1979 og komið aftur hingað til lands 20. s. m. með efnið falið innanklæða.

Ákærði bar fyrir dómi 5. mars 1980, að auk þess að hafa lagt Sumarliða til fé til farmiðakaupa, þá hafi hann einnig lagt fram 1.000.000 gkr. til fíkniefnakaupa. Kvað ákærði sig síðar hafa móttekið 250 grömm af grænu Marokkóhassi frá Sumarliða.

Ákærði kvað flugfarseðil á nafni Sumarliða með brottför 16. desember 1979 og heimkomu 20. s. m. sýna, hvenær ferð þessi var farin.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, og kvað ákærði ákærulið þennan þá vera uppspuna.

Ákæruliður XI.

„29. desember 1979 flutt um 200 gr af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt meginhluta þess á gkr. 10.—15.000 hvert gramm, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars.“

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 5. mars 1980. Ákærði kvað flugfarmiða á nafni sínu með brottför 27. desember 1979 og heimkomu 29. s. m. sýna, hvenær ofangreind meint ferð var farin. Ákærði lýsti útvegun á efni í Kaupmannahöfn m. a. með milligöngu Jóns Matthíassonar. Ákærði kvaðst loks hafa falið efnið innan í kuldabomsum og þannig flutt til lands 29. desember 1979 grömm af góðu, svörtu Afganistanhassi.

Ákærði kvað sölu þessa efnis hafa gegnið vel og eftirspurn verið mikla og hafi hann selt efnið á 10.000—15.000 gkr. hvert gramm. Ákærði kvaðst hafa fengið í sinn hlut u. þ. b. 1.8—1.9 milljónir gkr. vegna sölu efna úr þessari ferð. Ákærði nafngreindi kaupendur varðandi efni úr þessari ferð, þ. e. Kolla (Kolbein Inga Gíslason) og John (John Joseph Cramer).

John Joseph Cramer var yfirheyrður hjá lögreglu 19. febrúar 1980 og lýsti þá hasskaupum af ákærða í lok árs 1979 og kvað efnismagn hafa verið a. m. k. 87 grömm.

Kolbeinn Ingi Gíslason bar hér fyrir dómi 4. mars 1980 að hafa keypt 75—90 grömm af hassi af ákærða.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvað ofangreindan ákærulið vera uppspuna.

Ákæruliður XII.

”Snemma í janúar 1980 lagt fé til kaupa Ragnheiðar Valgarðsdóttur og Ingeborgar Mogensen á hassi á Spáni og móttakið allt að 500 gr af efninu eftir heimkomu þeirra 19. s. m. og nokkru síðar afhent þeim samtals um 140 gr af efninu. Selt nokkrum nafngreindum mönnum samtals um 95 gr og haft eftirstöðvarnar í vörslum sínum að Grettisgötu 79 í Reykjavík við handtöku 22. s. m., en þann hluta efnisins seldi nefnd Ragnheiður, á meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi um þetta leyti.“

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 5. mars 1980 og bar þá um ofangreinda meinta háttsemi. Ákærði kvaðst hafa lagt þeim Ragnheiði Valgarðsdóttur og Ingeborg Lindu Mogensen til fé vegna Spánarfarar þeirra í janúar 1980. Ákærði kvað þær hafa komið hingað til lands 19. eða 20. janúar 1980 og haft í fórum sínum 500 grömm af hassi, en ákærði kvaðst m. a. hafa látið Ragnheiði í té 650.000 gkr., sem hún átti að kaupa fíkniefni fyrir.

Eftir móttöku þeirra Ragnheiðar og Ingeborgar kvaðst ákærði hafa haldið að Grettisgötu 79 hér í borg og þar vegið hassefnið, sem vó að sögn ákærða 490 grömm. Ákærði kvað Ingeborg hafa átt 100 grömm af efninu.

Ákærði kvaðst af þeim 390 grömmum, er eftir voru, hafa selt fimm nafngreindum aðiljum alls 95 grömm. Ákærði kvaðst skömmu fyrir handtöku hafa afhent Ragnheiði Valgarðsdóttur u. þ. b. 40 grömm af efninu og hafi því við handtöku átt eftir 250—260 grömm af efninu, földu að Grettisgötu 79 hér í borg.

Ákærði bar fyrir dómi 6. mars 1980, að efnið úr þessari ferð hafi verið 400 grömm og hafi Ingeborg þar af fengið afhent 100 grömm.

Ragnheiður Valgarðsdóttir var yfirheyrð fyrir dómi 6. mars 1980. Kvað Ragnheiður sig hafa haldið til Spánar í janúar s. á. ásamt Ingeborg Lindu Mogensen. Ragnheiður kvað ákærða hafa lagt fram fé til fararinnar og til hasskaupa. Kvað Ragnheiður sig ásamt Ingeborg Lindu hafa keypt á Spáni tæp 500 grömm af hassi fyrir 60.000 peseta. Átti Ingeborg 100 grömm af efninu, en Ragnheiður kvað sig ásamt sambýlismanni sínum, ákærða í máli þessu, hafa átt um 400 grömm.

Ragnheiður lýsti við dómsyfirheyrslu 7. mars 1980 sölu sinni á 250 grömmum af fíkniefnum til fjögurra nafngreindra aðilja.

Ragnheiður bar við lögregluyfirheyrslu 10. mars 1980, að hvert gramm efnis hafi að jafnaði verið selt á gkr. 10.000. Ragnheiður kvað sig hafa

úr nefndri Spánarferð flutt með sér hingað til lands 390—395 grömm af hassi. Kvað Ragnheiður ákærða hafa dreift einhverju af efninu.

Ingeborg Linda Mogensen var yfirheyrð hjá lögreglu 6. mars 1980. Kvað Ingeborg sig þá hafa keypt um 500 grömm af hassi á Spáni í janúar 1980. Kvað Ingeborg sig hafa átt um 100 grömm, en Ragnheiður hafi átt um 400 grömm. Ingeborg staðfesti framburð sinn fyrir dómi 7. s. m.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvaðst ekki vilja láta hafa neitt eftir sér um ofangreinda meinta ferð.

Ákæruliður XIII.

„Lagt nefndum Sumarliða Óskari til gkr. 1.250.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn 9.—12. janúar 1980 og fengið í sinn hlut um 400 gr af efninu eftir heimkomu Sumarliða, en lögreglan lagði hald á um 247 gr af því 24. s. m. að Meistaravöllum 29 í Reykjavík.“

Sumarliði Óskar bar stuttlega um þessa ferð við lögreglu yfirheyrslu 5. febrúar 1980.

Sumarliði lýsti för þessari fyrir dómi 2. mars 1980. Kvað Sumarliði ákærða hafa lagt til 250.000 gkr. í farmiða auk 1.000.000 gkr., sem verja átti til fíkniefnakaupa. Var fénu skipt í Kaupmannahöfn, og kvaðst Sumarliði hafa haft danskar kr. 12.500 til ráðsstöfunar. Enn sem fyrr kvað Sumarliði Jón Matthíasson hafa aðstoðað við útvegum fíkniefnanna. Sumarliði kvað hafa verið keyptar tvær plötur af hassi, og vó hvor plata 250 grömm. Efnid flutti Sumarliði að sögn með sér hingað til lands, falið í buxnastræng sínum. Kvað Sumarliði hafa komið um 100 grömm af hassi í sinn hlut úr för þessari og ákærði hafi því fengið nálægt 400 grömmum.

Aðspurður um ráðstöfun efna kvað Sumarliði sig með engu móti geta sérgreint drefingu fíkniefna úr hinum einstöku ferðum.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 5. mars 1980. Bar hann þá á sama veg og Sumarliði Óskar hafði áður gert varðandi fjárframlag sitt til farar þessarar. Ákærði kvað ferðina hafa verið farna 9. janúar 1980 og komið til baka 12. s. m. Hafi Sumarliði fengið í sinn hlut 65 grömm, en ákærði 350 grömm.

Við dómsyfyrheyrslu 6. s. m. leiðrétti ákærði fyrri framburð og taldi sig hafa úr ferðinni hafa fengið rúm 400 grömm og Sumarliða 65 grömm, svo sem áður sagði.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982. Kvað ákærði þennan ákærulið rangan að öðru leyti en því, að hann hafi afhent lögreglu 247 grömm af hassi, svo sem segir í ákæruliðnum.

Ákæruliður XIV.

„Um 20. janúar 1980 enn lagt gkr. 1.250.000 til hasskaupa Sumarliða

Óskars í Kaupmannahöfn, og keypti hann í þetta sinn um 500 grömm af efninu, sem að verulegu leyti taldist eign ákærða, en Sumarliði Óskar var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 24. s. m. og hald langt á hassið.“

Sumarliði Óskar var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar 24. janúar 1980. Var þá lagt hald á 354 grömm af hassi, sem fundust í fórum hans.

Sumarliði var yfirheyrður hjá lögreglu 24. og 25. janúar 1980 og kvað sig þá hafa staðið einan að utanför þessari.

Við lögregluyfirheyrslu 5. febrúar s. á. kvað Sumarliði sig hafa lagt gkr. 500.000 til farar þessarar og ákærða hafa lagt til gkr. 1.000.000. Kvað Sumarliði sig hafa keypt í Kaupmannahöfn 378 grömm af svokölluðu svörtu hassi og 67 grömm af grænu hassi.

Sumarliði bar efnislega á sama veg við dómsyfírhæyslu 2. mars 1980. Þá kvað Sumarliði sig hafa keypt í Kristíaníu af sér ókunnum aðilja 420 grömm af svörtu hassi fyrir 13.000 danskar krónur og 80 grömm af grænu hassi á 2.000 danskar krónur.

Þann 3. febrúar 1980 fundust 121.5 grömm af hassi, falin í skóm Sumarliða, er hann sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærði bar við dómsyfírhæyslu 6. mars 1980 að hafa lagt Sumarliða til gkr. 250.000 til flugmiðakaupa og gkr. 1.000.000 til kaupa á fikniefnum, og kvaðst ákærði hafa reiknað með u. þ. b. 300 grömmum af hassi í sinn hlut.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, og kvað ákærði þennan ákærulið vera rangan.

Meint fikniefnadreifing ákærða.

Ákærði bar hér fyrir dómi 9. mars 1980 um fjölmarga aðilja, er hann kvaðst hafa selt fikniefni. Áður hafði ákærði lýst því, að ekki væri unnt að sérgreina, hvað hver og einn hefði fengið úr hverri ferð fyrir sig. Eftirtöldum aðiljum kvaðst ákærði hafa selt fikniefni:

Ákærði kvað Sumarliða Óskar hafa aðstoðað sig við sölu efna úr flestum ferðanna og selt allar efnistegundir. Ákærði kvað varla áætlað um of, að Sumarliði hefði alls fengið 450 — 500 grömm af hassi og 150 — 200 grömm af efni úr ákærðuliði VII, sem kallað hefur verið gallað efni eða ónýtt. Ákærði kvað óreiðu hafa verið á peningaskilum Sumarliða Óskars.

Ákærði kvað Kolbein Inga Gíslason hafa fengið um 50 grömm af hassi í janúar 1980, og þá kvað ákærði Sumarliða Óskar oft hafa afhent nefndum Kolbeini efni frá ákærða.

Ákærði kvað Kristmund Ó. Guðmundsson hafa fengið um 200 grömm af hassi.

Ákærði kvað Agnar Agnarsson hafa fengið um 200 grömm af hassi á löngu tímabili.

Ákærði kvað Knút Finnbogason hafa fengið um 10 grömm af hassi, Hrafn Ingi Brynjólfsson hafi fengið a. m. k. 50 grömm, John Cramer hafi fengið 100 grömm, Guðmundur Sesar hafi fengið a. m. k. 45 — 50 grömm, Valdimar Sigþórsson hafi fengið nálægt 150 grömmum, Kristján Hreinsmógur hafi fengið 70 grömm, Ingeborg L. Mogensen hafi fengið 20 grömm, ýmsir aðiljar 200 grömm.

Ofangreindir aðiljar hafa allir borið að hafa keypt fikniefni af ákærða.

Þá kvaðst ákærði vita um, að Sumarliði Óskar seldi fjölmörgum aðiljum hass fyrir sig (ákærða).

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 25. janúar 1980 og taldi þá ágóða sinn af fikniefnameðhöndlun vera 7 — 8 milljónir gkr.

NIÐURSTÖÐUR.

Gögn málsins bera með sér, að ákærði hefur stöðugt um margra mánaða skeið stundað innflutning og dreifingu fikniefna hér á landi. Svo sem framburðir ákærða og Sumarliða Óskars bera með sér, er ekki ljóst, hvað hver og einn kaupandi fikniefna fékk af efnum úr hverri ferð. Þá bera framburðir ákærða með sér, að hann hefur selt fjölmörgum aðiljum, sem hann þekkti ekki, fikniefni auk þess að hafa selt fjölmörgum nafngreindum aðiljum fikniefni.

Verður hér á eftir vikið að hverjum ákærulið fyrir sig sjálfstætt og ekki sérstaklega gerð grein fyrir einstökum meintum kaupendum úr viðkomandi meintri ferð, heldur vísað í því sambandi til ofanritaðs um hina fjölmörgu kaupendur ákærða.

Ákæruliður I.

Ákærði bar efnislega á sama hátt hjá lögreglu 24. janúar 1980 og fyrir dómi 27. febrúar 1980 varðandi ofangreinda meinta háttsemi.

Ákærði breytti framburði sínum hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og kvaðst ekki kannast við ofangreinda meinta háttsemi.

Gögn málsins bera með sér umfangsmikla dreifingu ákærða á fikniefnum allt frá snemma árs 1979.

Dóminum þykir ekki mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, og hafnar dómurinn sýknukröfu verjanda.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem að hluta eru studdir af framburði Arnórs Vikars Arnórssonar, og að öðrum gögnum virtum, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í apríl 1979 keypt 100 grömm af hassi í Kaupmannahöfn, flutt efnið hingað til lands og selt hérlandis.

Ákæruliður II.

Ákærði bar efnislega á sama veg hjá lögreglu 24. janúar og fyrir dómi 27. febrúar 1980 um ofangreinda meinta háttsemi.

Ákærði staðfesti m. a., að flugfarseðlar á nafni ákærða sýndu, hvenær ferðin var farin.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og kvaðst þá ekki kannast við ofangreinda meinta háttsemi.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er í andstöðu við gögn málsins og ekki studdur neinum rökum. Er sýknukrafa verjanda því skv. ofanrituðu ekki tekin til greina.

Dóminum þykir því sannað með fyrri framburðum ákærða, sem studdir eru af gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa þann 21. maí 1979 flutt 100 grömm af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt það hérlandis.

Ákæruliður III.

Ákærði bar efnislega á sama veg hjá lögreglu 24. janúar 1980 og fyrir dómi 27. febrúar 1980 um ofangreinda meinta háttsemi.

Ákærði staðfesti m. a., að flugfarseðlar á nafni ákærða sýndu, hvenær ferðin var farin.

Ákærði kom fyrir dóm 2. nóvember 1982 og bar af sér ofangreindar meintar sakargiftir.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er órökstuddur og í andstöðu við gögn málsins. Er sýknukröfu því hafnað.

Dóminum þykir því sannað með fyrri framburðum ákærða, sem studdir eru af gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa þann 10. júní 1979 flutt 110 grömm af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn og selt efnið hér á landi.

Ákæruliður IV.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi fyrir dómi 5. mars 1980 og hafði þá áður vikið að háttseminni hjá lögreglu 24. janúar 1980.

Ofangreindir framburðir ákærða eru studdir af framburði Guðmundar Sesars Magnússonar.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og bar af sér háttsemi þá, er hér er ákært út af.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er í andstöðu við gögn málsins, m. a. framburð Guðmundar Sesars.

Dómurinn hafnar því sýknukröfu varðandi þennan ákærulið.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem studdir eru af gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum

ákærulið segir, eða að hafa í júlí 1979 flutt 500 grömm af hassi frá Kaupmannahöfn og haft efnið í vörslum sínum um ótiltekið skeið í Reykjavík.

Ákæruliður V.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi fyrst hjá lögreglu 24. janúar 1980 og síðan fyrir dómi 4. mars 1980.

Ákærði staðfesti m. a., að flugfarseðlar á nafni ákærða sýndu, hvenær farið var í ferð þessa.

Ákærði kom fyrir dóm 2. nóvember 1982 og bar af sér háttsemi þá, er hér um ræðir.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er örökstuddur og í ósamræmi við gögn málsins. Sýknukröfu er því hafnað.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem studdir eru af gögnum málsins, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa þann 16. ágúst 1979 flutt 300 grömm af hassi hingað til lands frá Kaupmannahöfn, selt efnið hér á landi á um 10.000 gkr. hvert gramm, en efnið keypti ákærði á um 30 danskar krónur hvert gramm.

Ákæruliður VI.

Sumarliði Óskar bar að hafa afhent ákærða 270 grömm af hassi úr þessari ferð og staðfesti, að flugfarseðlar, er tilheyri gögnum málsins, sýni, hvenær ferðin var farin.

Ákærði bar fyrir dómi 4. mars 1980 að hafa lagt fé til farar Súmarliða og að hafa mótttekið um 200 grömm af hassi frá honum.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og kvaðst hafa undir rannsókn málsins búið til játningu efnislega á sama veg og í þessum ákærulið greinir.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er í ósamræmi við gögn málsins og örökstuddur. Verður því sýknukrafa ekki tekin til greina.

Dóminum þykir því sannað með fyrri framburði ákærða, sem studdur er af gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að ákærði hafi mótttekið 200 grömm af hassi frá Sumarliða Óskari. Ákærði lagði á ráðin um för Sumarliða Óskars Arnórssonar til Kaupmannahafnar dagana 11. — 12. september 1979 og lagði honum til 1.200.000 gkr. Eftir heimkomu Sumarliða móttók ákærði 200 grömm af hassi og seldi megnið af efninu, að nokkru með aðstoð Sumarliða Óskars.

Ákæruliður VII.

Ákærði hefur borið m. a. við lögregluyfirheyrslu 24. janúar 1980, að

efni það, er keypt var í för þeirri, er hér um ræðir, hafi verið gallað. Ákærði bar við nefnda lögregluyfirheyrslu, að hluti efna, er lögreglan lagði hald á að Meistaravöllum 29, Reykjavík, 24. janúar 1980, hafi verið eftirstöðvar efna úr þessari ferð.

Við hútleit að Meistaravöllum 29 hér í borg þann 24. janúar 1980 lagði lögreglan hald á eftirfarandi: 352.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 467 A, 247.5 grömm af hassi, merkt efnaskrá 467 B, og 25.5 grömm af efni, merkt efnaskrá 467 C.

Staðfest er af Rannsóknastofu í lyfjafræði, að efnin merkt A og B séu kannabis, en að efnið merkt C sé ekki kannabis.

Ákærði kvað flugfarseðil á nafni sínu sýna, hvenær ferð þessi var farin. Ákærði bar, að hann hefði ákveðið að flytja efnið hingað til lands, þar sem í ljós kom, að innan um voru sæmilegir efnismolar. Af gögnum málsins má ráða, að efnið úr þessum ákærulið hefur verið lélegt, ef ekki ónýtt, sbr. álitserð Rannsóknastofu í lyfjafræði. Ákærði seldi efnið hins vegar að mestu og sumt með aðstoð nafngreindra aðilja, og er út frá því gengið hér, að ákærði hafi staðið í þeirri trú, að efnið væri kannabis, en e. t. v. lélegt.

Ákærði hefur hjá lögreglu og fyrir dómi talað um efni úr þessari ferð sem „fals efni“ eða ónýtt efni.“ Hafa aðrir aðiljar, er tengjast málinu, borið á svipaðan hátt.

Dómurinn telur með vísan til ofanritaðs ekki nægilega sannað, að efni það, er um ræðir í þessum ákærulið, hafi verið kannabis í skilningi laga nr. 65/1974 og reglugerðar nr. 390/1974. Ákærði taldi efnið hins vegar kannabis, þótt lélegt væri, og seldi efnið sem slíkt með aðstoð nafngreindra aðilja.

Ekki þykja efni til að taka mið af hinum breytta framburði ákærða hér fyrir dómi 2. nóvember 1982. Hinn breytti framburður er órökstuddur og í ósamræmi við gögn málsins. Í nefndu þinghaldi kvaðst ákærði ekki kannast við háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Verður því samkvæmt ofanrituðu sýknukrafa ekki tekin til greina varðandi þennan lið ákæru.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem eru rækilega studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó með þeirri athugasemd, er rakin var að framan.

Ákærði flutti þann 28. október 1979 hingað til lands allt að 900 grömmum af efni, er ákærði taldi vera hassefni, en efnið hafði ákærði keypt í Kaupmannahöfn sem hass. Ákærði seldi mestan hluta efnisins hér á landi, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars og Kristmundar Ólafs Guðmundssonar.

Ákæruliður VIII.

Ekki þykja efni til að taka mark á breyttum framburði ákærða hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, þar sem hann bar af sér háttsemi þá, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Hinn breytti framburður er órökstuddur og í ósamræmi við gögn málsins.

Sýknukrafan er því ekki tekin til greina varðandi þennan ákærulið.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem rækilega studdir eru af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa lagt Sumarliða Óskari til fé til kaupa á hassi í Kaupmannahöfn dagana 27. — 30. nóv. 1979 og fengið í sinn hlut 90 grömm af efninu eftir heimkomu Sumarliða og selt efnið hér á landi.

Ákæruliður IX.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982 og kvað ákærulið þennan vera rangan, en neitaði að svara spurningum dómara um, hvort ferð sú, er hér um ræðir, hafi verið farin.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að ekki sé sannað, að ákærði hafi mótttekið meir en 160 grömm af hassi úr þessari ferð.

Sýknukrafa varðandi þennan ákærulið er ekki tekin til greina.

Þykir því samkvæmt ofanrituðu sannað, að ákærði hafi lagt Sumarliða Óskari til fé til fíkniefnakaupa í Kaupmannahöfn 4. — 7. desember 1979 og fengið í sinn hlut 160 grömm af hassi eftir heimkomu Sumarliða Óskars og selt efnið hér á landi, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars.

Ákæruliður X.

Ekki þykir mark takandi á breyttum framburði ákærða hér fyrir dómi 2. nóvember 1982, þar sem ákærði kvað ákærulið þennan vera uppspuna. Er hinn breytti framburður í ósamræmi við gögn málsins og órökstuddur.

Dóminum þykir sannað með fyrri framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að ekki er sannað, að ákærði hafi mótttekið meir en 260 grömm af hassi eftir heimkomu Sumarliða.

Sýknukrafan varðandi þennan ákærulið er því ekki tekin til greina.

Ákærði lagði fram fé til farar Sumarliða Óskars til fíkniefnakaupa í Kaupmannahöfn 16. — 20. desember 1979 og fékk í sinn hlut 260 grömm af hassi og seldi efnið hér á landi.

Ákæruliður XI.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða hér fyrir dómi 2. nóvember 1982. Þá kvað ákærði þennan ákærulið vera uppspuna.

Hinn breytti framburður er í ósamræmi við gögn málsins og órökstuddur.

Dómurinn telur sannað með fyrri framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa þann 29. desember 1979 flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 197 grömm af hassi og selt meginhluta efnisins á gkr. 10.000 — 15.000 hvert gramm, að hluta með aðstoð Sumarliða Óskars.

Sýknukrafa varðandi þennan ákærulið er því ekki tekin til greina.

Ákæruliður XII.

Dóminum þykir sannað með framburðum ákærða, sem rækilega eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir.

Ákærði lagði þannig snemma í janúar 1980 fram fé til fikniefnakaupa Ragnheiðar Valgarðsdóttur og Ingeborgar Lindu Mogensen á Spáni. Við heimkomu þeirra 19. janúar 1980 móttók ákærði 500 grömm af hassi. Ákærði afhenti Ragnheiði síðan 40 grömm og Ingeborg 100 grömm af efninu. Ákærði seldi nafngreindum aðiljum allt að 95 grömmum og hafði eftirstöðvar efnisins í vörslum sínum að Grettisgötu 79 hér í borg, er ákærði var handtekinn 22. janúar 1980. Efni, er var í vörslu ákærða við handtöku, seldi Ragnheiður Valgarðsdóttir, meðan ákærði sætti gæsluvarðahaldi.

Ákæruliður XIII.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 og breytti þá sínum fyrri framburði. Ákærði kvað þennan ákærulið rangan að öðru leyti en því, að hann hafi afhent lögreglu 247 grömm af hassi, svo sem um getur í ákæruliðnum.

Ekki þykir mark takandi á breyttum framburði ákærða, sem er órökstuddur og í ósamræmi við gögn málsins.

Dómurinn telur því sannað með fyrri framburði ákærða, sem rækilega er studdur öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa lagt Sumarliða Óskari til gkr. 1.250.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn 9. — 12. janúar 1980 og fengið í sinn hlut 400 grömm af efninu eftir heimkomu Sumarliða. Lögreglan lagði hald á 247 grömm af efninu á heimili ákærða, Meistaravöllum 29 hér í borg, 24. janúar 1980.

Ákæruliður XIV.

Ákærði kom hér fyrir dóm 2. nóvember 1982, og kvað hann þá ákærulið þennan vera rangan.

Áður höfðu ákærði og Sumarliði Óskar borið efnislega á sama veg varðandi ofangreinda meinta háttsemi.

Ekki þykir mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, sem er í ósamræmi við gögn málsins og órökstuddur.

Í 4. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 er hvers konar meðhöndlun fíkniefna bönnuð, þó með þeirri undantekingu, er um ræðir í 3. mgr. sömu greinar. Kaup fíkniefna, hér kannabis, er eitt af því, er lagt er bann við. Í 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, 1. gr., er sams konar ákvæði og í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974, og er í hegningarlagaákvæðinu lagt bann við kaupum á fíkniefnum, hér kannabis.

Sannað þykir í máli þessu, að ákærði lagði Sumarliða Óskari til fé til fíkniefnakaupa í Kaupmannahöfn í lok janúar 1980, þar sem Sumarliði Óskar keypti 500 grömm af hassi. Það var því Sumarliði, er keypti efnið í Kaupmannahöfn og flutti hingað til lands 24. janúar 1980, þar sem lagt var hald á efnið. Sumarliði náði því ekki að fullfremja brotið að því leyti að afhenda ákærða hans efnishlut.

Ákærði lagði því fram fé til fíkniefnakaupa annars manns, en fékk efnið aldrei í hendur.

Dóminum þykir sannað, að ákærði hafi því samkvæmt ofanrituðu og með því að afhenda Sumarliða Óskari peningana gerst hlutdeildarmaður í kaupum Sumarliða Óskars á 500 grömmum af hassi í Kaupmannahöfn á þeim tíma, er í ákæru greinir. Þykir 118. gr. laga nr. 74/1974 ekki standa í vegi fyrir beitingu hlutdeildarákvæðis 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þótt ekki sé að því vikið í ákæruskjali.

Með vísan til ofanritaðs og fyrri framburða ákærða, sem vel eru studdir af gögnum málsins, þykir dóminum sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa um 20. janúar 1980 lagt Sumarliða Óskari til gkr. 1.250.000 til hasskaupa í Kaupmannahöfn. Sumarliði keypti um 500 grömm af hassi, og taldist ákærði eigandi verulegs hluta efnisins, sem Sumarliði flutti með sér hingað til lands 24. janúar 1980, og var þá lagt hald á efnið á Keflavíkurflugvelli.

Fyrsta brot ákærða, er nú er ákært út af, var framið í apríl 1979. Frá þeim tíma og fram í janúar 1980 stóð yfir ein samfelld brotastarfsemi ákærða. Ákærði hefur því stöðugt um 10 mánaða skeið haft fíkniefni um hönd, keypt sjálfur efni, látið kaupa fyrir sig og stundað umfangsmikla dreifingu verulegs magns fíkniefna til fjölmargra jafnt nafngreindra sem ónafngreindra manna.

Þykja tengsl milli frumbrota vera þannig, að virða beri brot ákærða heildstætt sem áframhaldandi óslitna brotastarfsemi, sem í heild varði ákærða refsingu eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974.

Öll brot ákærða varða við verknaðarlýsingu 2., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Brot ákærða í VII. lið ákæru þykir auk ofanritaðs varða við 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem rakið var.

Brot ákærða í XIV. lið ákæru þykir auk þess að varða við ofanrituð lagaákvæði (þó ekki 20. gr. almennra hegningarlaga) einnig varða við 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Svo sem rakið var, voru umsvif ákærða mikil með fíkniefni á því tímabili, er hér um ræðir. Ákærði bar m. a. hér fyrir dómi 2. nóvember 1982 að hafa farið alls 17 ferðir til útlanda á tímabilinu apríl til júlí 1979.

Ákærði var yfirleitt frumkvöðull brota, og sýnir það styrkan og einbeittan brotavilja ákærða, og verður það virt ákærða til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki, svo kunnugt sé, gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina um nokkurt skeið, og verður það virt ákærða til hagsbóta við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði var dæmdur í 8 mánaða fangelsi og 10 þúsund króna sekt hér fyrir dómi 1. október 1980, og var sá dómur staðfestur af Hæstarétti 25. október 1982.

Refsing ákærða hér verður ákvörðuð m. a. með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Að öllu ofanrituðu virtu og að virtum gögnum málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 9 mánuði.

Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhaldsvist ákærða, alls 48 dagar, komi til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Sannað þykir, að hagnaður ákærða af fíkniefnasölu var verulegur. Sjálfur kvað ákærði hagnað sinn vera 7 — 8 milljónir gkr. En þar sem hámarksfésektarrefsing fyrir brot ákærða var 1. milljón gkr. á þeim tíma, er ákærði framdi brot sín, og ákærði var dæmdur til að greiða kr. 10.000 í sekt með dómi Hæstaréttar 25. október 1982, þykir ekki unnt að beita hér hærri fésektarrefsingu en kr. 5.000.00, og vísast um það til heimildar 2. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 20 daga í sektar stað.

Fallist er á kröfu ákæruvaldsins um upptöku til ríkissjóðs á gkr. 887.518,

sem er andvirði seldra fíkniefna, og vísast til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 í því sambandi.

Þá skulu upptæk til eyðingar 600 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 467 A og B. Þá skulu upptæk til eyðingar 25.5 grömm af efni, er talið var hass. Vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 í þessu sambandi.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 er ákærða gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 6.500.00 í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og kr. 6.500.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms í málinu, og stafar það af miklum önnum dómarans svo og hversu umfangsmikið mál þetta var.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, fæddur 13. september 1954, skal sæta fangelsi í 9 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 48 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk til eyðingar skulu 600 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 467 A og B, og 25.5 grömm af efni, merkt efnaskrá 467 C.

Upptækar til ríkissjóðs skulu gkr. 887.518.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 6.500.00 í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og kr. 6.500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.